



Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Halldóra Sigtryggsdóttir
Saga Stephensen
Þorbjörg Halldórsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Mars 2021

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	5
Hæfnirammarnir	8
Hæfnisviðin	8
Tjáningarfærni	9
Hlustunarskilningur.	14
Hljóðkerfisvitund	20
Læsi	23
Heimildaskrá	25

Hæfniramar í íslensku fyrir fjölbýgd börn í leikskóla

ISBN 978-9979-0-2698-3

©2021 Halldóra Sigtryggsdóttir, Saga Stephensen,

Þorbjörg Halldórsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2021 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Að vinnunni komu: Halldóra Sigtryggisdóttir, leikskólastjóri við leikskólann Ösp, Saga Stephensen, verkefnastjóri og ráðgjafi vegna fjölmenningarlegs leikskólastarfs hjá Reykjavíkurborg, Þorbjörg Halldórsdóttir, sérfræðingur í íslensku sem öðru tungumáli hjá Menntamálastofnun, dr. Sigríður Ólafsdóttir, lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Ráðgjöf veittu: Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS Reykjavíkurborg, Helga Kristinsdóttir, sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Þóra Sæunn Úlfisdóttir, talmeinafræðingur og læsisráðgjafi hjá Miðju máls og læsis Reykjavíkurborg, Guðrún Sigursteinsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur.

Eftirtaldir aðilar rýndu skjölin: Dr. Birna Arnbjörnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Félag leikskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga, sérfræðingar hjá Menntamálastofnun, sérfræðingar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Móðurmál samtök um tvítyngi og rýnihópur leikskólastjórna frá fimm leikskólum.

Formáli

Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Hæfnirammarnir voru unnir samhliða endurskoðun aðalnámskrár leikskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gerð var með tilliti til námsþarfa barnahópsins. Tekið er mið af mótun menntastefnu til ársins 2030 en þar er lögð áhersla á að veita framúrskarandi menntun með þekkingu, hugrekki og hamingju að leiðarljósi í umhverfi þar sem allir skipta máli og geta lært.

Vinna við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla hófst hjá Menntamálastofnun í byrjun árs 2019. Fljótlega var ákveðið að samhliða breytingum á námskránni þyrfti dýpri umfjöllun um máltileikun ungra barna. Því byggir endurskoðun námskrárinnar á rannsóknum síðustu áratuga á þróun málþroska ungra barna. Auk þess var stuðst við hæfniramma í námskrám annarra landa sem fjalla um tileikun annars tungumáls og í Evrópska tungumálarammanum. Frá því vinna við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla og þessa rits hófst hafa fjölmargir aðilar veitt ráðgjöf og rýnt skjölin og hefur hún tekið verulegum breytingum frá fyrstu drögum. Hugtakanotkun í ritinu er sambærileg þeim skilgreiningum sem fram koma í *Leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi* sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2020.

Það er von þeirra sem komu að vinnunni að hún skili sér fyrst og fremst í öflugu og gleðiríku leikskólastarfi þar sem fjöltyngd börn fá tækifæri til að leika með tungumálið á virkan hátt og taka reglulegum framförum í íslensku, bæði í skilningi og tjáningarfærni.

Inngangur

Markmið með íslenskunámi og markvissri málörvun barna á leikskólaaldri er að veita þeim næg tækifæri til að þjálfra og efla skilning sinn og tjáningarfærni í íslensku. Leikskólastigið er fyrsta skólastigið og mikilvægi þess er óumdeilt. Virk þátttaka í leikskólastarfi er mikilvægur undirbúningur fyrir farsæla skólagöngu og getur lagt grunn að virkri samfélagsþátttöku. Börnum, sem alast upp við annað eða önnur tungumál á heimili sínu en íslensku, eiga að standa til boða sömu tækifæri í námi og starfi í framtíðinni hér á landi og börnum sem eiga íslensku sem móðurmál. Börn á leikskólaaldri eru á máltökuskeiði og geta náð góðri færni í íslensku með réttum stuðningi og málörvun. Góð færni í íslensku getur verið sterkur grunnur fyrir þróun móðurmáls og tileinkun annarra tungumála.

Mikil og góð tengsl leikskólabarna við jafnaldra og starfsfólk eru grundvallaratriði. Barnið þarf að finna fyrir öryggi og trausti því bestur árangur næst í gegnum gagnkvæm tjáskipti þegar barninu er veitt óskipt og jákvæð athygli og það er hvatt áfram. Með því að eiga í innihaldsríkum gagnkvæmum samskiptum við börnin er komið til móts við tilfinningalegar og vitsmunalegar þarfir þeirra.

Viðmiðin sem hér eru sett fram í hæfnirömmum lýsa þróun á þeim færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná á þessu fyrsta skólastigi til þess að geta stundað nám sitt óhindrað í íslensku skólakerfi í framtíðinni. Hæfniviðmiðum er ætlað að auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.¹ Samfellt frá leikskóla til grunnskóla þarf að vanda og mikilvægt er að grunnskólinn fái upplýsingar um stöðu barnsins þegar það hefur nám á því skólastigi og að námið þar byggji á íslenskufærni, móðurmálsfærni, bakgrunni og almennri þekkingu barnsins.²

1 Heppilegar matsaðferðir á reglulegum framförum leikskólabarna eru t.d. námssögur og uppeldisfræðilegar skráningar. Finna má upplýsingar um faglegar matsaðferðir í leikskólum í *Einn leikskóli – mörg tungumál* (Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2015). Einnig í *Staða, framfarir, framhald* (Kolbrún Vigfúsdóttir, 2005) og í *Þemahefti um námsmat í leikskólum* (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013).

2 Í *Drögum að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn* er vikið að mikilvægi samfellt skólastiganna fyrir þennan hóp barna (2020, bls. 68).

Flest fjöltyngd börn á leikskólaaldri eru í samtíða máltöku tungumála sinna, þ.e. þau læra málin samhliða. Hvetja þarf foreldra til að styrkja og nota móðurmálið í samskiptum, með frásögnum og lestri bóka en einnig að styðja börnin í að taka reglulegum framförum í íslensku. Á sama hátt þarf leikskólinn að bera og sýna virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum barnahópsins og leita leiða til að vekja athygli á þeim í daglegu leikskólastarfi.³

1-3 ára

Þegar börn byrja í leikskóla á aldrinum 1-3 ára eru þau á máltökuskeiði. Leggja þarf áherslu á að starfsfólk myndi náði samband við börnin en það er meðal annars forsenda þess að þau nái tókum á íslensku. Þannig verður bæði komið til móts við tilfinningalegar þarfir barnsins og meðfædda þörf þess til að eiga í mállegum tjáskiptum og að læra tungumál. Beina skal athygli að því sem vekur áhuga barnsins og skapa samræður út frá því. Leggja þarf áherslu á að kenna börnunum orð sem eru í umhverfi þeirra og tilheyra daglegu starfi í leikskólanum en einnig orð sem koma fyrir í bókum. Fylgjast þarf vel með því að þau þrói með sér ríkulegan orðaforða jafnt og þétt, með góðum stuðningi og málörvun. Þannig geta börnin tekið reglulegum framförum í íslensku. Auk þess þarf að styðja börnin við að ná félagslegum tengslum við jafnaldra en þannig fer líka fram íslenskunám.

4-6 ára

Þegar börn byrja í leikskóla á aldrinum 4-6 ára eru þau flest komin með grunn í móðurmáli sínu. Hægt er að virkja foreldra og finna leiðir til að nýta þekkingu barnanna í móðurmáli til að byggja brú yfir í íslensku og vinna með íslenskunámið á fjölbreyttan hátt í öllu starfi leikskólans. Í leikskólanum þarf að leggja áherslu á gagnkvæm tjáskipti við starfsfólk og önnur börn og nýta tækifærin sem gefast í daglegu starfi leikskólans. Beina skal athygli að því sem vekur áhuga barnsins og skapa samræður út frá því. Leggja þarf áherslu á að kenna börnunum orð sem eru í umhverfi þeirra og tilheyra daglegu starfi í leikskólanum en einnig orð sem koma fyrir í bókum. Fylgjast þarf vel með því að þau þrói með sér ríkulegan orðaforða jafnt og þétt, með góðum stuðningi og málörvun. Þannig geta börnin tekið reglulegum framförum í íslensku. Auk þess þarf að styðja þau við að ná félagslegum tengslum við jafnaldra en þannig fer líka fram íslenskunám.

Í leikskóla er lagður grunnur að virkni barna, samskiptahæfni og þátttöku í skólastarfi. Í leikskóla:

- þurfa börn að upplifa að þau séu velkomin, að þau tilheyri barnahópnum og taki virkan þátt í skólastarfinu.
- þurfa börn að mynda náin tengsl við starfsfólk og jafnaldra.
- þarf að gefa börnum verkfæri, t.d. myndir, tákn o.fl. til að þau geti orðið virkir þátttakendur í leikskólastarfi frá byrjun.
- er mikilvægt að skapa mörg og ríkuleg tækifæri til þess að börn læri íslensku og taki reglulegum framförum.

3 Leiðir til að vinna með fjöltyngi og móðurmál má finna í *Leiðarvísí um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020).

- ber að hvetja börn til þess að leika með og nota íslensku á virkan hátt í umræðum, frásögnum, söng og leik.
- þurfa börn að upplifa væntingar, áhuga, hlýju og öryggi því þá skapast námstækifæri til að efla íslenskufærni.
- ber að hvetja börn til þess að leika með tungumál, tákn og texta til þess að auka forvitni, meðvitund og næmi þeirra fyrir fjölbreytileika tungumála.
- þarf að skapa jákvætt viðhorf gagnvart móðurmáli og öðrum tungumálum barnanna sem getur haft jákvæð áhrif á þróun sjálfsmyndar þeirra.
- er mikilvægt að starfsfólk í sameiningu vinni að tungumálaáætlun leikskólans þannig að samræmis gæti í því hvernig stutt er við hin ýmsu móðurmál og tungumál barnanna.
- eru foreldrar fræddir um málþroska og læsi barna sinna, mikilvægi móðurmáls þeirra, tungumálastefnu fjölskyldunnar og leikskólans og hvernig foreldrar geta best stutt börnin sín við eflingu íslenskufærni þeirra.
- eru foreldrar upplýstir um hvernig stuðningi og málörvun barnanna í íslensku er háttað og hvaða væntingar leikskólinn gerir til foreldra.

Hæfnirammarnir

Hæfnirammarnir skiptast í fjögur hæfnisvið: Tjáningarfærni, hlustunarskilning, hljóðkerfisvitund og læsi. Öll sviðin eru nátengd hvert öðru. Hvert svið skiptist niður í nokkra færniþætti. Í römmunum eru gefin viðmið um hvert hæfnisvið og dæmi tekin um málnotkun. Dæmin eru gefin til þess að útskýra betur hvers konar málnotkun megi búast við að barnið ráði við á hverju stigi fyrir sig en þau eru auðvitað engan veginn tæmandi. Hjá hverju hæfnisviði er stuttur innangangur til þess að útskýra eðli og mikilvægi hvers þeirra.⁴ Hæfnirammarnir gefa ákveðið viðmið um árangur málörvunar í íslensku í leikskólastarfi með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þeim er ekki ætlað að vera grunnur að beinni kennslu í íslensku heldur uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður börnin við að taka reglulegum framförum í íslenskufærni sinni.

Hæfnisviðin

- Tjáningarfærni:
 - Orðaforði
 - Málfræði – Setningagerð
 - Samskiptafærni
 - Orðræða
- Hlustunarskilningur:
 - Orðaforði
 - Málfræði – Setningagerð
 - Spurningar – fróðleiksöflun
 - Samskiptafærni
 - Orðræða
- Hljóðkerfisvitund
 - Heyrnæn útfærsla
 - Framburður
- Læsi
 - Lestur og ritun

4 Við vinnuna á hæfnirömmunum var stuðst við *Evrópska tungumálarammann* (Council of Europe, 2020) og álíka viðmið úr námskrám annarra landa, t.d. frá Kanada (Alberta Education, 2011), Hollandi (Verhelst, Van der Branden, Van der Nulft, Verhallen, 2009) og Noregi (Norwegian Directorate for Education and Training, 2017). Einnig voru höfð til hliðsjónar nýleg rit um rannsóknir á máltöku og máltileinkun ungra barna, bæði á móðurmáli og öðru tungumáli, annars vegar bókina *Second Language Acquisition* (Gass, Behney & Plonsky 2020, einkum bls. 104–132) sem fjallar um helstu kenningar um máltöku og máltileinkun annars máls frá mörgum sjónarhornum og hins vegar bókina *Learning through Language* (Grøver, Uccelli, Rowe, Lieven, (ritstj.), 2019), einkum fyrstu sex kaflarnir sem fjalla um rannsóknir á málproska ungra barna þar sem mikilvægi félagslegra þátta og samskipta er sérstaklega krufið. Einnig kaflar 13–17 sem fjalla um tví- og fjöltyngd börn, *Learning through more than one language*.

Tjáningarfærni

Ung börn þróa tungumálafærni sína í samskiptum og samtölum við aðra, bæði með því að hlusta en þó sérstaklega með því að taka sjálf þátt í samtölum. Þátttaka í samtölum og samskiptum er nauðsynleg fyrir þróun talmáls sem er eitt af mikilvægustu markmiðum tungumálanáms á leikskólastigi. Stefna skal að því að börn geti tjáð sig með skiljanlegum hætti, ekki bara til þess að fullnægja daglegum þörfum eða lýsa hversdagslegum athöfnum heldur einnig til þess að tjá skoðanir, skiptast á upplýsingum og frásögnum og bæta við þekkingu sína á fjölbreyttum viðfangsefnum.

Til þess að geta þróað munnlega tjáningarfærni þurfa börn að fá rými og ríkuleg tækifæri til þess að eiga í gagnkvæmum tjáskiptum í öruggum aðstæðum. Börn læra tungumálið með því að prófa sig áfram og leika sér með það. Því þarf andrúmsloft leikskólans að vera þannig að það ýti undir löngun barnsins til að tjá sig og bjóði upp á margvísleg námstækifæri. Höfuðáherslu þarf að leggja á örvun innihaldsríkra, gagnkvæmra samskipta en ekki á „rétt mál.“ Mikilvægt er að eiga í tíðum og nánnum samskiptum við barnið alveg frá upphafi og leggja orð á hluti og athafnir, þó svo að barnið sé ekki tilbúið að tjá sig munnlega strax. Ef barn tjáir sig ekki í lengri tíma er þó hætt á að það læri hægar að tala en ella. Því þarf að gefa því mörg og fjölbreytt tækifæri til tjáningar t.d. með stuðningi mynda og fleiri sjónrænna stoða.

Hafa þarf í huga að það getur tekið mislangan tíma að ná tökum á nýju tungumáli. Mikilvægt er að ræða við leikskólabarnið, hlusta á það og gefa því færi á að þróa hæfni sína í tjáningu og frásögn með því að spyrja opinna spurninga sem leiða að ríkulegu samtali. Grundvallaratriði er að barnið tengist starfsfólki leikskólans, nán tengsl þurfa að skapast til að ná fram innihaldsríkum, málörvandi tjáskiptum. Samræður við barnið þurfa að fjalla um það sem barnið sjálft sýnir athygli. Sá fullorðni þarf að koma til barnsins og ræða um það sem barnið er að fást við. Það gefur bestan árangur. Þá ber að hjálpa barninu að taka þátt í leik með jafnöldrum og styðja það á meðan á leiknum stendur eins lengi og þörf er á. Hlutverkaleikir eru ríkuleg uppspretta málnotkunar og því er sérstaklega mikilvægt að hvetja og styðja börnin til þátttöku í slíkum leikjum.

Tjáningarfærni ORÐAFORÐI			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórði áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur sagt nokkur gagnleg⁵ orð í daglegu starfi, sem eiga við hér og nú. Dæmi: -Eins orðs spurningar og fyrirmæli: drekka, borða, leika, búin(n), dudda, húfa. -Orð yfir það sem tengist barninu persónulega, t.d. uppáhaldsleikfang eða matur: bangsi, spagettí, djús. -Orð sem eru mikilvæg fyrir barnið til þess að tjá þarfir og langanir: pissa, borða, banani, leika út.	Barn getur sagt fleiri gagnleg orð í daglegu starfi. Dæmi: -Einföld orð um hluti eða athafnir: litir, fata, skiptast á. -Lýsandi orð til að bregðast við einföldum spurningum og þátttöku í leik. Dæmi: Barn: „Má ég dúkka,“ „má ég meira,“ „ég líka.“ -Barn getur svarað já/nei ef kennari spyr t.d. „Er þér kalt?“ eða „Viltu leika með bílana?“ Barn getur svarað öðru barni ef það spyr t.d. „Viltu leika með mér?“	Barn notar mörg gagnleg orð í samskiptum og leik, m.a.: Dæmi: -Flóknari orð: lím, perluspjald, holukubbar. -Lýsandi orð til að svara spurningum, deila hugmyndum og eiga samskipti: Barn getur svarað á viðeigandi hátt spurningu líkt og: „Viltu rétta mér límið?“ eða segir við annað barn: „Eigum við að byggja hús?“ „Má ég fá blómaspjaldið?“ -Orð tengd ákveðnu viðfangsefni til þess að lýsa eða endursegja. Kennari: „Hvaða fugl valdir þú til að teikna?“ Barn: „Ég valdi krumma.“ Kennari: „Hvernig er hann á litinn?“ Barn: „Hann er svartur með gult nef.“	Barn hefur náð góðum tókum á íslensku og notar mörg orð, m.a. lýsandi orð sem tengjast ákveðnu viðfangsefni, t.d. gönguferð. Dæmi: -Barn gæti sagt þegar það er spurt hvað var gert í gönguferðinni: „Við löbbuðum langt, sáum vörubíl og sáum marga fugla á leiðinni og það var kisa sem vildi veiða einn fugl.“ Barnið hefur vald á eftirfarandi orðaforða: -Heiti hluta í nánasta umhverfi. -Orð yfir daglegar athafnir. -Orð yfir helstu líkamshluta. -Fjölbreyttan orðaforða um fólk og fjölskyldutengsl. -Orð yfir helstu dýr, -helstu tölustafi, -helstu liti. -Hugtök yfir stærð og lengd. -Orð sem lýsa tilfinningum.⁶

5 Gagnleg orð – hátíðniorð sem koma oft fyrir í málinu. Fyrstu orð sem börn læra eru orð yfir það sem skiptir þau persónulega máli og er þeim næst s.s. mamma, pabbi, dudda. Smám saman eykst orðaforðinn. Eftir því sem sjóndeildarhringurinn verður stærri verður orðaforðinn breiðari (sjá t.d. Elsa Pálsdóttir, 2017, inngangur).

6 Gott er að nýta sér orðaforðalista sem til eru sem frekari viðmiðun, t.d. *Orðaforðalistann* frá MMS (Elsa Pálsdóttir, 2017) og *Tíðni orða í tali barna* (Jóhanna Thelma Einarsdóttir o.fl., 2019).

Tjáningarfærni

MÁLFRÆÐI – SETNINGAGERÐ

1. Fyrsti áfangi	2. Annar áfangi	3. Þriðji áfangi	4. Fjórði áfangi
Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur sagt stök orð. Dæmi: -nafnorð: skór, litur. -sagnorð: borða, sitja, leika. -lýsingarorð: stór, blár. Barn getur sagt eins til tveggja orða fullyrðingar og endurtekið setningar. Dæmi: „borða,“ „hlaupa,“ „koma,“ „kubbar,“ „dýr,“ „kisa,“ „fara út,“ „taka saman.“	Barn getur sagt fleiri orð. Dæmi: -nafnorð: bók, hvíld, stóll. -sagnorð: labba, elska. -fornöfn: hún, við -lýsingarorð: stór, lítill, skemmtilegur. -atviksorð: gaman, hratt, hægt, mjög. Barn gæti sagt setningar með „rangri“ orðaröð eða „röngum“ endingum. Dæmi: „Ég ekki sofa.“ „Hún labba hratt.“ Barn getur sagt einfaldar setningar. Dæmi: „Ekki fara hvíld.“ „Þú lesa bók.“	Barn getur sagt enn fleiri orð. Dæmi: -nafnorð: bróðir, tölva, garður. -sagnorð: fara, ýta, læðast. -fornöfn: mitt, hans. -lýsingarorð: glöð, heppinn. -atviksorð: bráðum, hljóðlega, rösklega. -fleirtölu: dúkkur, bílar. Barn notar stundum ranga orðaröð og alhæfingar á málfræðireglur. Dæmi: „Ég hlauti til hann,“ „þú eiga kisur,“ „hún fara í garð,“ „hans bróðir koma bráðum.“ Barn getur sagt einfaldar setningar sem innihalda frumlag, umsögn og andlag í réttri orðaröð. Dæmi: „Fíllinn er stór.“ „Ljón eru með stórar tennur.“ „Tennur er beitt.“ Barn tjáir sig með jákvæðum og neikvæðum setningum og spurningum. Dæmi: „Ég elska gulan.“ „Ég vil ekki graut.“ „Ekki gefa öndunum nammi.“ „Elskar þú kisur?“	Barn alhæfir málfræðireglur. Dæmi: – fleirtala nafnorða. Dæmi: „Maðarnir“ eru að laga rólurnar. -sterkar sagnir beygðar veikt (alhæfing á málfræðireglu). Dæmi: „Hlauptir“ þú heim áðan? Barn bætir við smáatriðum og myndar nákvæmar setningar. Dæmi: „Förun og kíkjum á kisuna þarna.“ „Ekki standa of nálægt rólunni.“ „Dúkkar er of stór fyrir rúmið.“ „Meiðir dúkkar sig í bakinu?“ Barn ... - skilur muninn á eintölu og fleirtölu. -hefur grunnskilning á merkingarlegu hlutverki sagnorðabeyginga (t.d. muninn á nútíð og þátíð). - myndar setningar og notar nokkuð rétta orðaröð og beygingar, þótt enn geti alhæfingar verið til staðar. -orðar spurningar með spurnarorðum: (hvernig, hvað, hvers vegna o.fl.). -myndar setningar sem fela í sér fyrirsmæli. -notar neitun/ neikvæðar setningar (ekki, ekkert).

Tjáningarfærni

SAMSKIPTAFÆRNI

1. Fyrsti áfangi	2. Annar áfangi	3. Þriðji áfangi	4. Fjórði áfangi
Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur notað látbragð eða stök orð til þess að tjá mikilvægar þarfir. Dæmi: Barnið kinkar kolli eða bendir, segir stök orð eins og „já“, „nei“, „hæ“, „klósett“, „vatn.“ Barn getur notað látbragð og eins til tveggja orða setningar til að tjá sig. Dæmi: Barn veifar þegar því er heilsað, segir: „bless“, „takk“, „má ég.“	Barn getur notað endurtekningar til að taka þátt í daglegum athöfnum t.d. algeng orðatiltæki eða lög og þulur úr samverustundum. Dæmi: „Taka saman, taka saman, allir taka saman.“ „Fara út, allir fara út.“ Barn getur spurt einfaldra spurninga og svarað á einfaldan hátt í samskiptum. Dæmi: „Hvað segirðu?“ „Allt gott.“ „Á ég að gera?“ „Já, takk.“ „Nei, takk.“	Barn getur haft eftir orð og setningar sem það hefur heyrt aðra segja í samskiptum við jafnaldra og fullorðna. Dæmi: „Ókei, förum þangað.“ „Þetta má ekki.“ „Ég segi út af.“ Barn á í samskiptum við jafnaldra. Dæmi: „Finnst þér myndin mín flott?“ „Mér finnst hundurinn í sögunni fyndinn.“ Barn getur notað viðeigandi málfar í samskiptum. Dæmi: „Þú ert svo góð(ur).“ „Fyrirgefðu.“ „Takk fyrir að koma.“ Barn segir: „Viltu færa þig?“ „Má ég sitja hérna?“ Barn getur svarað einföldum, lýsandi spurningum sem eru ætlaðar því. Dæmi: (í ávaxtastund): „Hvað má bjóða þér“ „Epli og banana.“ „Hvað gerðir þú í fríinu?“ „Ég fór með afa til frænku minnar.“ „Við hvað ert þú hrædd(ur)?“ „Við drauga.“ Barn getur sagt frá athöfnum sem eiga sér stað „hér og nú.“ Dæmi: „Sjáðu, ég teiknaði mynd. Þetta er ég. Þetta er mamma. Þetta er pabbi. Þetta er bróðir minn.“	Barn getur notað fjölbreyttar aðferðir til að taka virkan þátt í samskiptum og félagslegum athöfnum í leikskólanum. Dæmi: að skiptast á, að semja (t.d. um hver fær, að leysa vandamál). Barn gæti spurt jafnaldra: „Eigum við að skiptast á með skærin?“ Barn getur notað viðeigandi orðasambönd til að útskýra. Dæmi: Barn notar setningar eins og: „Pabbi ætlar að sækja mig í dag.“ „Má ég leggja á borðið?“ „Ég skal hjálpa þér að tína upp perlurnar.“ Barn getur lýst áþreifanlegum hlut eða manneskju þegar það er spurt. Dæmi: „Hvernig er nýja dúkkuhúsið þitt? Það er stórt og með mörgum herbergjum og turni.“ Barn getur útskýrt athafnir sínar í áþreifanlegum aðstæðum. Dæmi: „Þú ert búin(n) að gera stóran turn, hvernig fórstu að því?“ „Ég setti stóra kubba neðst og þessa ofan á og ég setti alla þessa kubba síðan ofan á hina.“ (Útskýrir með bendingum). Barn getur sagt frá reynslu, upplifunum og tilfinningum sem eiga sér stað í áþreifanlegum aðstæðum tengdum fortíð eða framtíð. „Hvert fórstu í gær? Ég fór í afmæli.“

Tjáningarfærni			
ORÐRÆÐA			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórdi áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur tengt tvö til þrjú orð. Dæmi: „Ég leika.“	Barn getur tengt orð og setningar með „og“. Dæmi: „Húfa og vettlingar“ eða „Pissa og þvo hendur.“	Barn getur tengt hugmyndir með „og svo“ og „af því að“. Dæmi: „Ég teikna mynd. Og svo teikna ég pabba. Og svo teikna ég mömmu og litla barn.“ „Ég teikna mynd af fjölskyldunni. Pabbi minn er stærstur út af því að hann nær upp í loft.“ Barn spyr einfaldra spurninga. Dæmi: „Óli, hvar eru skærin?“	Barn getur tengt hugmyndir með rétttri orðaröð og viðeigandi samtengingum. Dæmi: „Fyrst geri ég mynd af húsinu mínu. Síðan geri ég sólina. Það er sól úti. Ég og pabbi erum að fara ...“ Barn getur endursagt upplýsingar eða sögu sem er ætluð leikskólabörnum þannig að hún skilst. Dæmi (úr sögunni um Rauðhettu): „Úlfurinn var að þykjast vera amman, en Rauðhetta vissi það ekki og svo borðaði úlfurinn Rauðhettu. Veiðimaðurinn bjargaði síðan Rauðhettu og ömmu hennar.“ Barn getur auðveldlega beðið um aðstoð. Dæmi: „Ég skil ekki hvað ég á að gera, hvað á ég að gera?“ „Anna, getur þú opnað skúffuna fyrir mig?“

Hlustunarskilningur

Hlustunarskilningur er samofinn öðrum hæfnisviðum (tjáningarfærni, hljóðkerfisvitund og læsi) og kemur víða við í daglegu leikskólastarfi. Börn geta þjálfað hlustunarskilning í margvíslegum athöfnum yfir skóladaginn þegar þau hlusta á starfsfólk en einnig hvert á annað. Viðfangsefnin geta verið fjölbreytt: spurningar, verkefni, sögur, útskýringar og umfjöllun um hin ýmsu málefni. Börn sýna skilning á mismunandi hátt, t.d. með því að fara eftir fyrirmælum, svara spurningum, koma skilaboðum áleiðis, raða myndum o.s.frv.

Skilningur á því sem barnið heyrir felur í sér að barnið greinir skilaboðin í því sem sagt er og bregst við þeim, þegar það á við. Margþætt hæfni er nauðsynleg til að þetta geti átt sér stað, þ.e. hæfni til að greina það sem var sagt, skilningur á viðeigandi orðaforða þarf að vera til staðar, auk almennrar þekkingar á viðfangsefninu, geta til að tengja upplýsingar við fyrri þekkingu, að geta séð fyrir sér hvað er verið að tala um o.s.frv.

Best er að börn á leikskólaaldri þjálfí þessa margþættu hæfni í gagnkvæmum samskiptum við starfsfólk og jafnaldra, einkum er varðar viðfangsefni sem tengjast áhugamálum þeirra og því sem þau eru að gera og veita athygli frá degi til dags. Þetta er gert með því að ræða við þau um það sem þau fást við og sýna áhuga og þannig þjálfast þau í því að skilja munnleg skilaboð og tjá sig munnlega um athafnir sínar. Starfsfólk leikskólans þarf að vanda mál sitt við þessar aðstæður, nota þarf orð sem barnið skilur en læða inn nýjum orðum eins og kostur er. Mestar líkur eru á að börnin þroski hlustunarskilning sinn með því að hlusta á ríkulegt, áhugavert og fjölbreytt mál í nánasta umhverfi sínu.

Allt sem fram fer í leikskólastarfinu veitir barninu tækifæri til þess að þróa hlustunarskilning sinn, hvort sem það er í gegnum skapandi starf, hreyfingu, gönguferðir eða frjálsan leik. Það eru ótal tækifæri til þess að eiga samtöl og samskipti við börnin og auðga orðaforða þeirra í leikskólastarfinu og mikilvægt að grípa námstækifærin, hvar sem þau gefast.

Árangursríkast til eflingar hlustunarskilnings eru frásagnir og lestur bóka en á þann hátt er lagður mikilvægur grunnur að lesskilningi síðar meir. Á meðan saga er sögð eða bók lesin er nauðsynlegt að veita börnum sjónrænan stuðning, t.d. með látbragði, leikföngum og myndum.

Hlustunarskilningur ORÐAFORÐI			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur skilið nokkur gagnleg orð í daglegu starfi. Dæmi: Barn bregst við nafninu sínu.⁷ Barn skilur eins orðs spurningar og einföld fyrirmæli. Dæmi: sitja, komdu, leika, borða, vatn, klósett, út að leika, taka saman, þvo hendur. Barn skilur orð sem eru mikilvæg fyrir það til þess að tengja við athafnir. Dæmi: heilsa/kveðja, taka þátt í skipulögðu leikskólastarfi með sjónrænum stuðningi.	Barn getur skilið fleiri gagnleg orð. Dæmi: gaffall, skeið, stóll, skór, úlpa, skófla, róla, kubbar Barnið skilur fyrirmæli sem tengjast daglegum athöfnum og verkefnum, s.s. matartímum, útiveru og leiktímum. Dæmi: Barn skilur og bregst við þegar kennari segir: „Kisuhópur á að setjast við gula borðið“ eða: „Allir á rauðu deild eiga að koma inn.“ Barnið skilur lýsandi orð til þess að: tjá tilfinningar eiga félagsleg samskipti. Dæmi: Barn: „Viltu leika?“ „Má ég vera með?“ „Má ég fá ...“ Barn skilur einfaldar spurningar/fyrirmæli. Dæmi: Kennari: „Er þér kalt?“ „Viltu leika með bílana?“	Barn getur skilið og sagt mörg gagnleg orð í samskiptum og leik. Dæmi: svangur/svöng, gönguferð, ofn, hurð, vaskur, rennilás Barn skilur lýsandi orð til þess að: -staðsetja. Dæmi: fyrir framan, undir, fyrir ofan, uppi, niðri -flokka. gulur, grænn, hringur, lítill, stór, litir Barn getur tekið virkan þátt í leik, skilið leikinn og haft rödd í leiknum. Barn getur fylgst með og tekið virkan þátt í samverustund/hópastarfi. Barn þekkir orð tengd þemavinnu. Dæmi: fuglapema: farfugl, staðfugl, hreiður, sundfit.	Barn hefur náð góðum tókum á íslensku og skilur mörg orð. Dæmi: Barnið er virkt í ákvarðanatöku og framvindu í leik. Barn: „Ég vil vera stóra systir í leiknum.“ Barnið tekur þátt í sögugerð/ljóðagerð eða öðrum viðfangsefnum um tungumálið. Dæmi: Barn kemur með hugmynd þegar kennari spyr: „Um hvað á sagan okkar að vera?“ Barnið tekur þátt í rökræðum með börnum og kennara: skilur umræður í samverustund og hefur skoðun á hvað eigi að bjóða upp á. Barn getur útskýrt aðstæður. Dæmi: Barn grætur og getur sagt frá því hvað kom fyrir þegar kennari spyr. Barn getur endursagt sögur og frásagnir. Dæmi: Barn getur sagt frá atburðarás sögu sem kennari les. Barnið hefur stærri viðtökuorðaforða en tjáningarorðaforða, þ.e. það skilur fleiri orð en það notar sjálft.⁸

⁷ Mikilvægt er að nafnið sé borið rétt fram.

⁸ Gott er að nýta sér orðaforðalista sem til eru sem frekari viðmiðun, t.d. *Orðaforðalistann* frá MMS (Elsa Pálsdóttir, 2017) og *Tíðni orða í tali barna* (Jóhanna Thelma Einarsdóttir o.fl., 2019).

Hlustunarskilningur

MÁLFRÆÐI – SETNINGAGERÐ

1. Fyrsti áfangi	2. Annar áfangi	3. Þriðji áfangi	4. Fjórði áfangi
Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn skilur eins til þriggja orða einfaldar setningar með sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn fylgir fyrirmælum þegar kennari bendir á vaskinn og segir: „Þvo hendur.“	Barn skilur algengar setningar með sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn fer í samveru með öðrum börnum þegar kennari sýnir spjald með viðeigandi mynd og segir: „Núna er samverustund, allir að setjast.“	Barn skilur einfaldar en nákvæmar setningar um kunnugleg viðfangsefni með sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn gengur frá kubbum þegar kennari bendir á kassa og segir: „Nú skaltu setja kubbana í kassann.“ Barn byrjar að byggja með öðru barni þegar kennari bendir á kubba á borði og segir: „Viljið þið byggja saman úr öllum rauðu kubbunum?“	Barn skilur flóknar setningar og fyrirmæli um algeng viðfangsefni. Dæmi: Barn byggir turn þegar kennari spyr: „Viltu prófa að nota alla kubbana í þessari hillu til þess að byggja turninn?“

Hlustunarskilningur

SPURNINGAR – FRÓÐLEIKSÖFLUN

1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórði áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn skilur „já/nei spurningar.“ Dæmi: Barnið kinkar kolli þegar kennari spyr: „Ertu með vettlingana þína?“	Barn skilur „annaðhvort/eða spurningar“ og spurningar sem krefjast að svarað sé með einu orði. Dæmi: Kennari spyr: „er grasið grænt eða rautt?“ Barnið svarar: „grænt.“	Barn skilur spurningar sem byrja á spurnarorðum: hvað, hvenær, hvar, hver. Dæmi: Kennari spyr; „Hvar á amman í sögunni heima?“ (í sögunni um Rauðhettu). Barnið svarar: „í skóginum.“ Barnið skilur: „Hvenær fóru þau? Hvert fóru þau? Hvað gerðu þau?“	Barn skilur opnar spurningar sem byrja á af hverju, hvernig, hvenær, hvað, hver, hvers vegna og segðu mér frá. Dæmi: Kennari spyr: „Af hverju er úlfurinn með svona stóran maga?“ (í sögunni um Rauðhettu). Barnið svarar: „Af því að hann borðaði ömmuna.“ Barnið skilur tilgátur og hugsanlegar kringumstæður, getur svarað spurningum sem byrja á hvað ef? Dæmi: Barnið skilur spurninguna: „Hvað myndir þú gera ef það snjóaði í dag?“

Hlustunarskilningur SAMSKIPTAFÆRNI – SKILNINGUR STAÐFESTUR			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur tekið þátt í daglegum athöfnum með því að ... -fylgjast með -herma eftir öðrum -nota sjónrænan stuðning. Dæmi: Barn getur tekið þátt í samveru-stund og matartímum með því að fylgjast með félögum í stað þess að treysta á leiðsögn kennara. Barn bregst við kveðjum með eða án orða í kunnuglegum félagslegum aðstæðum. Dæmi: Barn veifar eða segir: „Hæ“ þegar kennari segir: „Góðan dag.“	Barn getur tekið þátt í daglegum athöfnum með því að: -hlusta eftir lykilorðum -herma eftir öðrum -nota sjónrænan stuðning. Dæmi: Barn getur nýtt sér lykilorð líkt og: „taka saman“ sem merki um breytingar í daglegu starfi. Barn bregst við í daglegum samskiptum með eða án orða í kunnuglegum félagslegum aðstæðum. Dæmi: Barn svarar annaðhvort „já“ eða „nei“ eða kinkar kolli eða hristir höfuðið þegar það er spurt „Viltu leika?“ „Allt gott.“ þegar það er spurt: „Hvað segirðu?“	Barn getur tekið virkan þátt í daglegum athöfnum og sýnir skilning með því að tjá sig, svara spurningum eða bregðast við á annan viðeigandi hátt. Dæmi: Barn ... -hlustar eftir orðum sem það skilur. -getur sér til um merkingu orða sem það þekkir ekki út frá samhengi og sjónrænum stuðningi. -notar kunnuglegar setningar: „Ég er búin(n) að taka saman.“ -spyr: „Má fara út?“ Barn bregst við algengum setningum með orðum eða án orða í umhverfi leikskólans og félagslegum aðstæðum. Dæmi: Barn getur gert greinarmun á merkingu orðsins „spila“: „Viltu spila Veiðimann?“ „Viltu spila tónlist?“ Barn bregst við á viðeigandi hátt með því að: -brosar þegar vinur hjálpar honum/henni -segir „takk“ þegar honum/henni er hrósað.	Barn getur staðfest skilning með því að nota fjölbreyttar aðferðir. Dæmi: Barn getur staðfest skilning á nýjum orðum líkt og „vél“ með því að: -skoða bækur um farartæki -spyrja félaga: „Er þetta svona vél?“ -skoða leikfangabíl, -lest, -vörubíl o.s.frv. Barn bregst við einföldum fyrirmælum á viðeigandi hátt. Dæmi: Barn getur náð í skæri þegar kennari biður það um að klippa út hring á blaði. Barn getur kallað önnur börn nöfnunum „læknir“, „hjúkrunarfræðingur“ eða „sjúklingur“ í læknisleik. Barn skilur spurningar sem beinast að því og sýnir skilning með því að svara eða bregðast við á viðeigandi hátt. Dæmi: -spurningar um fyrirætlanir eða óskir: „Hvaða bók viltu skoða, þessa með bangsanum eða þessa með róluinni?“ -spurningar sem snúast um eigin reynslu og upplifanir: „Hvert fórstu með systur þinni í gær?“ -spurningar um tilfinningar eða líðan þess eða annarra í kringum það: „Emil, meiddirðu þig eða ertu reiður?“ -spurningar um aðstæður, athafnir eða hluti í umhverfinu: „Helga, hvar er myndin þín?“

Hlustunarskilningur ORÐRÆÐA			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórði áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn getur fylgt eins eða tveggja orða fyrirmælum með sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn fylgir fyrirmælunum þegar kennari segir eða sýnir með látbragði: „Stoppaðu.“ „Sestu niður.“ „Komdu hingað.“	Barn getur fylgt einföldum fyrirmælum/leiðbeiningum með sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn fylgir fyrirmælum þegar kennari segir eða sýnir með látbragði: „Sýndu mér skóna þína“ eða „Farðu inn í samverustund.“	Barn getur fylgt fyrirmælum/leiðbeiningum með einhverjum sjónrænum stuðningi. Dæmi: Barn fylgir fyrirmælum þegar kennari sýnir og segir: „Nú skaltu ganga frá kubbunum og koma í samverustund“ eða „Teiknaðu mynd, klipptu hana út og límdu hana svo á blaðið.“ Barn skilur og bregst við upplýsingum sem skipta máli „hér og nú.“ Dæmi: „Púslíð er í skúffunni.“	Barn getur fylgt fyrirmælum/leiðbeiningum án sjónræns stuðnings. Dæmi: Barn fylgir fyrirmælum þegar kennari segir: „Teiknaðu mynd, klipptu hana út og límdu hana svo á blaðið.“ Barn skilur upplýsingar sem er beint til þess og sýnir skilning með því að bregðast rétt við. Dæmi: „Við ætlum í Húsdýragarðinn í næstu viku.“ „Þegar þú leikur þér úti, máttu ekki fara út fyrir leiksvæðið.“ Barnið skilur munnlega frásögn, t.d. myndasögu sem er ætluð aldri þess.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitundin er undirstaða lestrarnáms og grunnur að læsi og því afar mikilvægt að hún sé þróuð með markvissum hætti á leikskólastigi. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið átti sig á að talað orð hefur ákveðna hljóðfræðilega uppbyggingu. Dæmi: Barn sem svarar að ekki heyrist /s/ í sól, hefur ekki enn þróað með sér hljóðkerfisvitund.⁹ Flest börn eru komin með vel þroskaða hljóðkerfisvitund við fjögurra ára aldur. Hversu fljótt og vel það gengur fer þó að miklu leyti eftir því hve góða málörvun þau hafa fengið en einnig meðfæddum hæfileika til að átta sig á einstökum hljóðum og leika sér/vinna með þau. Hægt er að efla hljóðkerfisvitund með skipulögðum leik, ríma, gefa gaum að einstökum hljóðum í orði, finna orð með sömu hljóðum, taka út hljóð eða bæta við hljóði o.s.frv. Hvetja skal foreldra til að vinna á svipaðan hátt með önnur tungumál barnsins. Viðmið um hljóðkerfisvitund eru samofin viðmiðum annarra hæfnisviða og ættu alltaf að vera skoðuð í nánú samhengi við þau. Hér er viðmiðum skipt í heyrnræna útfærslu annars vegar og framburð hins vegar. Heyrnæna úrvinnslan snýst um að barnið greini mun á stökum hljóðum og hljóðasamböndum og framburður um að barnið geti sjálft borið fram hljóðin og talað þannig að mál þess skiljist. Varast ber að leggja of mikla áherslu á hárréttan framburð, það tekur tíma að ná íslenskum hljóðum sem tilheyra ekki öðrum tungumálum barnsins.¹⁰

9 Dæmið er tekið úr *HLJÓM-2* sem er aldursbundin skimun til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2002).

10 Sjá líka Helga Sigurmundsdóttir (2007–2008).

Hljóðkerfisvitund

HEYRNRÆN ÚTFÆRSLA

1. Fyrsti áfangi	2. Annar áfangi	3. Þriðji áfangi	4. Fjórði áfangi
Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn aðgreinir hljóð. Dæmi: Barn getur greint á milli „b“ í „búr“ og „l“ í „lúr.“ Barn hlustar eftir kunnuglegum orðum í setningum. Dæmi: Barn þekkir orðið „komdu“ þegar kennari segir: „Komdu aðeins til mín.“	Barn aðgreinir upphafshljóð í orði. Dæmi: Barn getur sagt „b“ þegar kennari spyr: „Hvað er fyrsta hljóðið í bátur.“ Barn hlustar eftir algengum orðum í kunnuglegu máli. Dæmi: Barn þekkir orðin „húfa“ og „hólf“ þegar kennari segir: „Settu húfuna í hólfið þitt.“	Barn aðgreinir orðaskil í stuttum kunnuglegum frösum, lágmarkspar og atkvæði í orðum. Dæmi: Barn getur aðgreint og skilið þrjú mismunandi orð þegar kennari segir: „er á borðinu.“ Barn getur heyrt muninn í lágmarkspörum eins og: bak/bað. Barn getur klappað atkvæði í orðum, t.d. ho-ppa, ri-sa-eð-la Barn þekkir flest íslensk hljóð: Barn getur sagt „m“, „ú“, „s“ þegar kennari spyr: „Hvaða hljóð heyrirðu þegar ég segi orðið mús?“	Barn þekkir öll íslensk hljóð og muninn á þeim, t.d. með því að aðgreina lágmarks-pör. Dæmi: Barn aðgreinir orðin kjól og hjól og fót og föt. Barn aðgreinir rím. Dæmi: Barn getur svarað með „mús og hús“ þegar kennari spyr: „Hvaða orð ríma – mús – hús – rúm.“ Barn skilur hratt tal frá þekktum viðmælenda: Barn getur fylgt eftir samræðum í samverustund um vettvangsferð í vændum, sem innihalda upplýsingar frá kennara og spurningum og athugasemdum frá jafnöldrum.

Hljóðkerfisvitund

FRAMBURÐUR

1. Fyrsti áfangi	2. Annar áfangi	3. Þriðji áfangi	4. Fjórði áfangi
Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn hermir eftir sumum íslenskum hljóðum jafnvel þótt framburðarfrávik gætu haft áhrif á merkingu orðanna. Dæmi: Barn hermir eftir og endurtekur jafnaldra og kennara. Barn gæti sagt: „jatn“ fyrir „vatn“ eða „bolla“ fyrir „borða“.	Framburður barns nálgast íslenskt hljómfall þegar barnið tjáir sig munnlega í samskiptum. Framburðarfrávik gætu þó haft áhrif á merkingu orðanna. Dæmi: Tjáning barnsins skilst oftast; mörg orð og hljóð eru skiljanleg. Barn gæti sett áherslu á rangt atkvæði eða bætt við auka atkvæði.	Barn notar viðeigandi hljómfall, áherslur og skiljanlegan framburð í daglegum aðstæðum með einstaka frávikum. Barn skilst að mestu leyti um leið og hrynjandi, hljómfall og áherslur verða smám saman skýrari. Barn gæti sagt: „fatn“ fyrir „vatn“ eða „borra“ fyrir „borða“.	Barn notar skýran og skiljanlegan framburð og viðeigandi hljómfall með aukinni nákvæmni í ólíkum aðstæðum (þó barn sé með hreim hefur það ekki áhrif á merkingu orðanna). Barn skilst auðveldlega í leik og samræðum. Barn aðgreinir á skýran hátt ólík hljóð íslenskunnar og kann muninn á þeim t.d. „bol“ og ból“.

Læsi

Þróun hlustunarskilnings og tjáningarfærni er mikilvægur grunnur fyrir lestur og ritun. Ritmál opnar heilan heim af sögum og upplýsingum fyrir barninu strax á ungum aldri löngu áður en það lærir sjálf að lesa. Með því að hlusta á lestur bóka eflir barnið margs konar þekkingu og færni sem lestrarnám byggir á.

Lestur texta felur m.a. í sér að börn átta sig á lesátt í íslensku og að hægt er að segja sögur út frá myndum. Í leikskólanum er mikilvægt að hafa læsishvetjandi umhverfi og skapa jákvæð viðhorf og áhuga fyrir bókum og rituðum texta af ýmsu tagi. Í gegnum lestur auka börn orðaforða sinn hratt en mikilvægt er að nota máltökuskeiðið vel. Börn eru mjög móttækileg á þessu tímabili, þau hafa náttúrulega þörf til að læra tungumál í nánnum samskiptum við umönnunaraðila. Börn sækja eftir því að fullorðnir gefi þeim orð yfir hluti og athafnir en góður orðaforði er síðan undirstaða lesskilnings.

Næmi fyrir einstökum hljóðum tungumálsins, hljóðkerfisvitund, liggur síðan til grundvallar því að börn nái færni í að tengja saman stafi og hljóð, þ.e. að þau nái síðar umskráningarfærni og lesfimi. Í leikskóla er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til að efla hljóðkerfisvitund sína, t.d. með því að ríma, vinna með einstök hljóð í orðum, bæta við hljóði og taka út hljóð. Á þann hátt má kynna einn og einn bókstaf, að börnin þekki þá og æfi sig í að skrifa þá. Skrift reynir á margs konar hreyfifærni, rýmisvitund, fínhreyfingar og samstilltar hreyfingar augna og handa. Mikilvægt er að börn fái tækifæri til að þjálfra slíka færni í margs konar æfingum og leik. Flokkun hluta er líka gagnlegur undirbúningur fyrir lestur og ritun, t.d. að flokka dúkkur saman, bangsa saman, hvíta hluti saman, mjúka hluti o.s.frv.

Læsi LESTUR OG RITUN			
1. Fyrsti áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 1–5 mánuði	2. Annar áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 3–12 mánuði	3. Þriðji áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 9–36 mánuði	4. Fjórði áfangi Barn sem hefur verið í leikskóla á Íslandi í 2–4 ár
Barn ... -þekkir íslenska ritátt/lesátt -getur raðað 2 myndum saman, sem sýna rétta atburðarás. -þekkir algeng tákn eða myndir í daglegu leikskólaumhverfi, s.s klósett, vaskur, diskur, glas.	Barn ... -þekkir íslenska bókstafi í nafninu sínu og getur skrifað nafnið sitt. - getur raðað 2-4 myndum saman, sem sýna rétta atburðarás. -getur sótt nafnið sitt í box með nöfnum barnanna á deildinni, þekkir nafnið sitt þegar það sér það skrifað.	Barn ... -þekkir algenga íslenska bókstafi og hljóð þeirra. -getur raðað 4-6 myndum saman, sem sýna rétta atburðarás og sagt í stuttum setningum frá hverri mynd. -þekkir orðmyndir úr nánasta umhverfi sem eru sýnilegar í leikskólanum, s.s. þegar borð er merkt með orðinu „borð.“ -er meðvitað um ákveðin hlutverk ritmáls og sýnir það með eigin notkun eða viðbrögðum við ritmáli. -þróar grunnskilning á eðli ritmáls og sýnir það með viðbrögðum sínum á rituðum texta (þekkir lesátt og lögun texta og bóka).	Barn ... -þekkir flesta íslenska bókstafi og hljóð þeirra. -er áhugasamt um að vita merkingu ritaðs texta og sýnir það með því að vera forvitið um bækur og sýna jákvæð viðbrögð við bókum og rituðum texta. -getur raðað saman 4-6 myndum í rétta atburðarás og sagt frá sögunni, hefur náð góðri frásagnarhæfni. -getur, með hjálp fullorðinna, sett á blað sín eigin skilaboð. -sýnir áhuga á því að skrifa sjálft og gerir tilraunir til þess.

Heimildaskrá

- Alberta Education. (2011). *K-12 English as a second language Proficiency Benchmarks With Examples. Kindergarten*. Alberta: Government of Alberta. <https://www.learnalberta.ca/content/eslapb/documents/ESL%20Benchmarks%20Kindergarten.pdf>
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2002). *HLJÓM-2. Handbók*. Reykjavík: höfundar.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið. <https://vinnuvefur.namskra.is/wp-content/uploads/2010/10/Námsmatshefti-fyrir-leikskóla.pdf>
- Council of Europe. (2020) *Common European Framework of Reference for Languages: Learning, Teaching, Assessment (CEFR). Companion Volume*. Strasbourg: Council of Europe Publishing. <https://rm.coe.int/common-european-framework-of-reference-for-languages-learning-teaching/16809ea0d4>
- Drög að stefnu um menntun ungmenna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. (2020, maí). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf
- Elsa Pálsdóttir. (2017). *Orðaforðalistinn*. Kópavogur: Menntamálastofnun. <https://mms.is/namsefni/ordafordalisti>
- Gass, Susan M.; Behney, Jennifer; Plonsky, Luke. (2020). *Second Language Acquisition. An Introductory Course (fifth edition)*. New York: Routledge.
- Grøver, Vibeke; Uccelli, Paola; Rowe, Meredith L.; Lieven, Elena (ritstjórar). (2019). *Learning through language. Towards an Educationally Informed Theory of Language Learning*. New York: Cambridge University Press.
- Helga Sigurmundsdóttir. (2007-2008). Hljóðkerfisvitund. <http://lesvefurinn.hi.is/hljodkerfisvitund>.
- Jóhanna Thelma Einarsdóttir, Anna Lís Pétursdóttir og Íris Dögg Rúnarsdóttir. (2019). *Tíðni orða í tali barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir. *Einn leikskóli – mörg tungumál*. (2015). *Leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. https://reykjavik.is/sites/default/files/einn_leiksk_li_moerg_tungum_l_skr_ning_framfoerum.pdf
- Kolbrún Vigfúsdóttir. (2005). *Staða, framfarir, framhald*. Reykjavík. https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sta_a_framfarir_framhald.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmál_islenska.pdf

Norwegian Directorate for Education and Training (2017). *Framework Plan for Kindergartens*. Oslo: Ministry of Education and Research. <https://www.udir.no/globalassets/filer/barnehage/rammeplan/framework-plan-for-kindergartens2-2017.pdf>

Verhelst, Machteld; Van der Branden, Kris; Van der Nulft, Dirkje; Verhallen, Marianne. (2009). *Framework of Reference for Early Second language Acquisition*. The Hague: Nederlandse Taalunie. <https://rm.coe.int/framework-of-reference-for-early-second-language-acquisition/16805a2351>

Þingskjal 310/2020-2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030. <https://www.althingi.is/altext/pdf/151/s/0310.pdf>

Eftirfarandi gögn voru einnig til hliðsjónar:

Aðalheiður Una Narfadóttir, Atli Freyr Magnússon, Helga Kristinsdóttir og Þórunn Halldórsdóttir. (2015). *AEPS, færnimið matskerfi*. Kópavogur: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: Útgefin af höfundum.

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS Skráning á málþroska ungra barna*. Reykjavík: Námsmatstofnun.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012). *EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári*. Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf. ISBN 978- 9979-709756

